

Borgarstjórn
1. október 2019

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks, Sósíalístaflökks Íslands, Miðflokks og Flokk fólksins um rekstur grunnskóla í Staðahverfi í Grafarvogi

Borgarstjórn samþykkir að grunnskóli verði rekinn í Staðahverfi til frambúðar í samræmi við gildandi skipulag hverfisins fyrir 1-10 bekk ætlaður öllum börnum á grunnskólaaldri í hverfinu. Skóla- og frístundaráði verði falið að finna heppilega útfærslu á því t.d. með samkennslu milli bekkja eins og áður var gert í skólanum, með skoðun á Krikamódeli þ.e. samfellu milli leikskóla og grunnskóla eða með öðrum leiðum.

Greinargerð:

Engin ákvörðun hefur verið tekin um framtíð skólastarfs í Kelduskóla Korpu. Með því að samþykkja þessa tillögu þá er verið að festa vilja íbúa í sessi og farið eftir gildandi skipulagi hverfisins.